

Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Á byrjun rannsóknar máls þessa varð *nokkur* dráttur sem stafaði af fjarveru ákærðs úr bænum. Að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vitalaus.

Föstudaginn 27. jan. 1928.

Nr. 90/1927.

Rjettvísín (M. Guðmundsson)
 gegn
Guðmundi Guðjónssyni
 (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 200. gr. hgl. og 261. gr. sigl.l.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 22. okt. 1927:
 Ákærður Guðmundur Guðjónsson, sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 40 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinbern máli fyrir drýgðan glæp af ásettu ráði og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, verður að dæma ákærða sekan um brot á 200. gr. hegningarláganna og 261. gr. siglingaláganna. Og þykir refsing hans hæfilega metin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um málskostnað í hjeraði á sjórjettardóminum að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Guðmundur Guðjónsson, sæti 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um málskostnað í hjeraði á sjórjettardóminum að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvisinnar hálfu gegn Guðmundi Guðjónssyni, skipstjóra, til heimilis á Efri Selbrekku hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 12. kapitula siglingalaganna nr. 56/1914 og 17. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og eru málavexlir þeir, er nú skal greina, og sannaðir eru með eigin jätningu ákærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Ákærður var skipstjóri á b/v. »Jóni forseta« hjeðan úr bænum, sem haldið var út á sildveiðar sumarið 1926. Lá skipið fyrir akkeri inni í Miðfirði inn úr Húnaflóa aðfaranótt fimtudagsins 9. september f. á., en ljetti akkerinu kl. 5^{1/2} um morguninn og fór að leita eftir sild út af Bálkastaðanesi. Logn var og gott veður. Kl. 7 um morguninn fengust 70 tonnur af sild og kl. 11 árdegis aftur 180 tonnur. Um það leyti, sem verið verið var að hifa inn þá sild gerði klukkustundar kafaldsjel, en er því ljetti, varð aftur heiðskírt og gott veður, en þá sást engin sild. Mörg skip sáust við sildveiðar ytra og voru menn úti á bátum frá sumum þeirra. Þar á meðal var m/sk. »Rosenhjem« frá Færeyjum. Hjelt »Jón forseti« út til skipa þeirra og sá þar talsverða sild. Kl. 5 síðdegis komst »Jón forseti« að sildartorfu, náði henni og fjekk 30 tonnur. Tók ákærður þá upp bátana og ákvað að fara með veiðina til Siglufjarðar. Meðan verið var að taka inn bátana horfði »Jón forseti« í

suður. Kveðst ákærður þá hafa sjeð »Rosenhjem« koma til bakborða og beygja aftur með »Jóni forseta« og hjer um bil 100 faðma vegalengd milli skipanna.

Þegar buið var að ná bátunum upp á »Jóni forseta« var sett full ferð áfram kl. 6,23 síðdegis, eftir því sem vjelardagbók skipsins segir, stýrinu snúið hart til bakborða. Kveðst ákærður er þá var í stýrishúsinu ásamt tveimur öðrum mönnum, þá hafa sjeð nótabátana frá »Rosenhjem« róa samhliða með miklum hraða að sildartorfu, er verið hafi fyrir framan þá og fyrir framan »Jón forseta« á stjórnbörða. Hjelt ákærður þá áfram að snúa skipi sinu og ætlaði sjer fyrir utan bátana svo að þeir kæmust óhindrað að sildartorfunni, en rjett í því var kallað til hans neðan af þilfarinu að bátarnir væru hættir að róa og að hætta væri á ferðum. Fyrirskipaði kærður þá þegar eða kl. 6,28, eftir vjelardagbókinni, fulla ferð aftur á bak til þess að forðast árekstur á bátana og var þeirri fyrirskipun tafarlaust hlýtt í vjelarrúminu, en þessi fyrirskipun kom ekki að haldi því botnvörpungurinn rendi með stefnið á þann bátinn, sem nær var skipinu, og kom á hann miðjan eða svo og braut hann, en hinum bátnum hvolfdi og fóru menn þeir allir — 13 að tölu — er í bátunum voru í sjóinn. Voru þegar settir út 2 bátar frá »Jóni forseta« til að bjarga mönnum og gekk það greiðlega, því mennirnir, sem voru að koma bátunum fyrir, voru enn við þá. Auk þess var kastað út bjarghringum og tógi. Af þeim 13 er í sjóinn fóru náðust 11 upp á »Jón forseta« og í bátana. Tveir sáust ekki og druknuðu og einn af mönnum þeim, sem náðust, var dáinn (druknaður) en tveir meiddir. Annar þeirra hafði viðbeinsbrotnað, en hinn (skipstjórinn á »Rosenhjem«) meiddist á síðu, mjöðm og höfði. Þeir 8 menn, sem björguðust ómeiddir voru fluttir yfir í »Rosenhjem« en með druknaða manninn sem náðist og tvo hina meiddu, fór »Jón forseti« að Hvammstanga, eftir að hafa beðið á staðnum, sem slysið varð á, um hálfu klukkustund og beðið b/v. »Austra« er var á vettvangi, að bjarga bátunum og veiðarfærunum frá »Rosenhjem«. Var læknis vitjað handa hinum sjúku og þeim komið á sjúkrahúsið á Hvammstanga. Eftir það fór ákærður með afla sinn til Siglufjarðar og kom þangað um miðjan föstudaginn 10. september f. á.

Ekki hafði ákærður neinn mann fram á til eftirlits og engin hljóðmerki gaf hann áður en áreksturinn varð.

Ákærður hefir stöðugt haldið því fram, að hann hafi ekki

stöðvað skipið, er hann sá bátana róa út frá »Rosenhjem«, af því, að hann hafi álitíð sig hafa nægilegt svigrúm til þess að fara fyrir aftan þá, og staðhæft, að ef bátarnir hefðu ehki hætt að róa áfram, hefði svo verið, og verður að álita það rjett eftir upplýsingum þeim, sem liggja fyrir í málinu.

Það er ljóst af framburði skipstjórans og skipshafnarinnar af »Rosenhjem«, að á bátnum áttuðu menn sig alls ekki á því, að skip ákærða væri að snúa og hættu því að róa til þess að forðast áreksturinn.

Það virðist nú ekki hafa verið ófyrirsjáanlegt, að mennirnir á bátunum frá »Rosenhjem« áttuðu sig ekki á því, hvað b/v. »Jón forseti« var að fara og hættu að róa áfram, úr því að þeim var ekki gefin hreyfing skipsins til kynna með hljóðmerki eða þeir að varaðir á annan hátt.

Rjetturinn verður því að vera þeirrar skoðunar að ákærður hafi ekki við hið umrædda tækifæri sýnt þá aðgæslu og varúð, er honum bar, og með því hirðuleysi sínu og gáleysi orðið valdur að slysinu.

Þykir verða að heimfæra brot hans, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna — fæddur 21. júní 1891 — og hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir hegningarlagabrot undir 261. gr. siglingalaganna og 200. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til fyrir það eftir tjeðum lagagreinum hæfilega metin 30 daga einfalt fangelsi.

Með tilliti til hreinskilinnar játningar ákærðs, undanfandi hegðunar hans og þess, að hjer er um fyrsta brot að ræða, þykir mega ákveða, að refsingin skuli vera skilorðsbundin eftir ákvæðum 1. gr. laga nr. 39, frá 16. nóvember 1907.

Svo greiði og ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiddandi kostnað, þar með taldar 40 krónur í málsvarnarlauð til hins skipaða verjanda hans fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonau hrm.

Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Rekstur málsins hefir verið vítalauð.